



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 9. nóvember 2020

2010050SA KB/bg
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt (fjármálapjónusta o.fl.)

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 23. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreind drög að frumvarpi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að framlengja verkefnið „Allir Vinna“ út árið 2021 en í verkefninu felst að fjöldi aðila geta fengið 100% endurgreiðslu af virðisaukaskatt við t.d. nýbyggingu og viðhald húsnæðis. Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á framkvæmdir sveitarfélaga sem hefur stutt við atvinnusköpun víða um land.

Áform um sama frumvarp voru birt í samráðsgáttinni í september sl. og sendi sambandið umsögn við áformin. Var þar óskað eftir því að málsgrein í XXXIII. ákvæði virðisaukaskattslaga væri breytt lítillega þannig að endurgreiðsluheimild sveitarfélaga næði ekki eingöngu yfir húsnæði heldur yfir mannvirki í eigu sveitarfélaga. Ástæðan fyrir því að sveitarfélög óska eftir því að orðið mannvirki sé tekið upp í stað húsnæðis er að þannig rúmast innan endurgreiðsluheimildarinnar fjölbreyttari atvinnusköpun. Fjölbreytt atvinnusköpun er lykilatriði á næstu árum og mörg sveitarfélög vilja fara í framkvæmdir til að skapa störf. Uppbygging á húsnæði getur fylgt meiri rekstrarkostnaður til langs tíma sem ekki á endilega að sama marki við um öll mannvirki, svo sem uppbygging á stígum, útisvæðum og fleiri framkvæmdum sem eru þjóðhagslega hagstæðar og styðja við stefnu stjórnvalda, m.a. í lýðheilsu- og loftslagsmálum.

Sambandið vill einnig vekja athygli á því að jarðvegsvinna telst ekki hluti að uppbyggingu húsnæðis. Sambandið tekur því undir ábendingar SI um að leiðrétta verði slíkt enda ljóst að ekki er hægt að byggja húsnæði án þess að fara í tilheyrandi jarðvegsvinnu.

Sambandið fagnar því að verkefnið „Allir vinna“ verði framlengt til 2021 en ítrekar fyrri umsögn sína um sama mál, sem er meðfylgjandi. Sambandið hvetur ráðuneytið til að breyta ákvæðinu þannig að það nái yfir uppbyggingu mannvirkja sem og jarðvegsframkvæmda. Þannig er hægt að styðja við hlutverk sveitarfélaga til fjölbreyttrar atvinnusköpunar árið 2021.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 28. september 2020
2009714SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt – Mál nr. 188/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 14. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreind áform um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt. Stefnt er að því að gera breytingar á ákvæðum laganna er varðar fjármálastarfsemi í ljósi þeirra breytinga og tækniþróunar sem átt hefur sér stað á sviði fjármálastarfsemi síðustu misseri og ár. Einnig er lagt til að lengja gildistíma verkefnisins „Allir vinna“ út árið 2021.


Sambandið fagnar því að stefnt er að því að framlengja verkefnið „Allir vinna“ út árið 2021 en í verkefninu felst að fjöldi aðila getur fengið 100% endurgreiðslu af virðisaukaskatt t.d. við nýbyggingu og viðhald húsnæðis. Verkefnið „Allir vinna“ hefur haft jákvæð áhrif á framkvæmdir sveitarfélaga sem hefur stutt við atvinnusköpun víða um land. Sambandið óskar þó eftir því að eftirfarandi málsgrein í XXXIII. ákvæði verði breytt lítillega:

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, enda sé húsnæðið skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.

Með því að þarna standi húsnæði sem skráð er í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands hefur endurgreiðslan verið takmörkuð gífurlega með þau áhrif að sveitarfélög hafa ekki sama hvata til að fara í fjölbreyttari uppbyggingu en eingöngu við húsnæði. T.d. hefur komið fram að uppbygging og viðhald á lóðum við húsnæði sveitarfélaga fær ekki endurgreiðslu, jarðvinna, stígagerð, leiksvæði o.s.frv. ekki heldur enda ekki um húsnæði að ræða. Óskar sambandið því eftir því að umræddu ákvæði verði breytt í samræmi við 1. mgr. bráðabirgðaákvæði XXXIV. Samkvæmt því ákvæði geta mannúðar- og líknarfélög, íþróttafélög, björgunarsveitir, landssamtök björgunarsveita og slysavarnardeildir og einstakar félagseiningar sem starfa undir merkjum samtakanna fengið 100% endurgreiðslu á vinnu á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra. Orðið mannvirki, líkt og það er skilgreint í lögum um mannvirki nr. 160/2010, er mun víðtækara en orðið húsnæði sem skráð er í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Til að tryggja fjölbreyttari atvinnusköpun hjá sveitarfélögum er því farið fram á að ákvæðið tali um mannvirki en ekki húsnæði. Ákvæðið gæti verið svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. nær á viðkomandi tímabili jafnframt til annarra mannvirkja sem er alfarið í eigu sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri